

## Skilati mi í Hlaupastelpu

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út *á fimmtudögum*  
og því rennur skilafrestur auglýsinga út **á þriðjudögum**

# kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálfsiðu er kr.2700.-m.vsk  
Verð heilsíðu er kr.3885.- m.vsk

## Aðalfundur

### Kirkjukórs Grenjaðarstaðakirkju

verður haldinn fimmtudagskvöldið 11.október  
kl. 20:00 í safnaðarheimilinu Grenjaðarstað.  
Fyrsta æfing vetrarins verður strax eftir fundinn.  
Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.



Styrkir úr Vaxtarsamningi Norðausturlands  
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga (AÞ) auglýsir  
atvinnuþróunarstyrki úr Vaxtarsamningi Norðausturlands  
(VAXNA) 2012-2013.

Megin markmið samningsins eru að efla nýsköpun og  
samkeppnishæfni atvinnulífsins á starfssvæði AÞ (Þingeyjarsveit,  
Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur,  
Svalbarðshreppur, Langanesbyggð) og auka hagvöxt með virku  
samstarfi fyrirtækja, þekkingarstofnana, sveitarfélaga og ríkisins.  
Þeir sem hug hafa á að óska eftir stuðningi VAXNA eru hvattir  
til að leita upplýsinga og ráðgjafar um mótun verkefna og  
umsóknarferlið hjá starfsmönnum AÞ.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þær áherslur og  
skilyrði sem í samningum felast, s.s. reglur um styrkhæfan  
kostnað. Öll viðeigandi gögn má nálgast á heimasíðu AÞ,  
[www.atthing.is](http://www.atthing.is) undir hnappnum „VAXNA“.

Opið verður fyrir umsóknir allt árið og verða umsóknir afgreiddar  
reglulega á fundum verkefnisstjórnar vaxtarsamningsins. Næsti  
afgreiðslufundur er áformaður 16. nóv. og verða **umsóknir sem  
berast til og með 2. nóv.** afgreiddar á þeim fundi.  
Umsóknum skal skila með tölvupósti á netfangið  
[reinhard@atthing.is](mailto:reinhard@atthing.is)



## Hautfundur Kvenfélags Ljósvetninga

verður haldinn miðvikudagskvöldið 10. október  
kl.20:30 í safnaðarheimili Þorgeirskirkju.  
Allar konur velkomnar og alltaf nóg pláss fyrir  
nýjar félagskonur.  
Stjórnin.

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs sem fram fer þann 20. október 2012, er hafin við embætti sýslumannsins á Húsavík.

Skrifstofa embættisins er opin virka daga á milli kl. 9:30 – 15:00. Opið verður fyrir utankjörfundaratkvæðagreiðslu laugardaginn 13. október og sunnudaginn 14. október frá kl. 12:00 til 14:00. Á kjördag verður opið frá kl. 10:00 til 12:00.

Auk þess verður hægt að kjósa utankjörfundar á eftirtöldum stöðum:

Skrifstofu Skútustaðahrepps,mánudaginn 15.október kl.10:00- 12:00.

Skrifstofu Þingeyjarsveitar, mánudaginn 15. október kl. 14:00 - 16:00.

Skrifstofu Norðurbings á Kópaskeri, þriðjudaginn 16. október kl. 9:30 - 10:30.

Skrifstofu Norðurbings á Raufarhöfn, þriðjudaginn 16. október kl. 12:00 - 13:00.

Lögreglustöðinni á Þórshöfn, þriðjudaginn 16. október kl. 15:00 - 16:00, en einnig samkvæmt ákvörðun lögreglumanns á vakt.

Kjösendum er bent á nánari upplýsingar á vefslóðinni: <http://www.kosning.is>

Sýslumaðurinn á Húsavík



## Auglýsing um skipulag

Tillaga að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustubyggingar og íbúðarbyggð í landi Brekku í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan nær til svæða sem skilgreind eru í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Um er að ræða annars vegar ca 6,4 ha svæði, Brekkutún, sem skilgreint er sem íbúðarsvæði í dreifbýli og hins vegar ca 10 ha ferðaþjónustusvæði, sem skilgreint er sem verslunar og þjónustusvæði. Í tillögunni er gert ráð fyrir 13 nýjum íbúðahúsalóðum og 9 nýjum ferðaþjónustuhúsum auk viðbyggingar við núverandi veitingahús.

Tillöguupprættir með greinargerðum munu liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugum frá og með 5. október til og með 16. nóvember 2012 svo að þeir aðilar sem telja sig eiga hagsmuna að gæta geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar, [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is)- Stjórnsýsla-Skipulagsmál

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 þann 16. nóvember 2012 og skal athugasemdum skilað skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugum og/eða í tölvupósti ([thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is](mailto:thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is)) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

Skipulagsfulltúi Þingeyjarsveitar

## Haustfundur Kvenfélags Reykdæla

verður haldinn í Húsmæðraskólanum  
fimmtudagskvöldið 11. október kl. 20.

Mætum vel og tökum með okkur gesti.

Nýir félagar hjartanlega velkomnir.

Stjórnin



## Fjárlögin!!!

Skemmtilegu fjárlögin sungin í  
Skjólbrekku í Mývatnssveit 9. og 10. nóvember  
(föstudagskvöld og laugardag). Stjórnendur Jón  
Stefánsson, Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Hjördís

Einarsdóttir.

Bláu og gulu bækurnar verða til sölu.

Nánar auglýst þegar nær dregur – takið dagana frá!

Fjárlaganefndin, [hannakata@gmail.com](mailto:hannakata@gmail.com)

## Fiðlutónleikar

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari minnst fiðlu- og tónmenningar í Suður-Pingeyjarsýslu í hálfra aðra öld með sex einleikstónleikum í kirkjum sýslunnar veturinn 2012 - 2013. Hún mun flytja fiðlutónverk frá 300 ára tímabili, þau elstu frá 1720, en hið yngsta eftir Pingeyinginn Rínu Ingimundar.

Flutt verða verk eftir:  
Rínu Ingimundardóttur  
Hrosmar Inga Sigurjónsson  
Merrill Clark  
Kerólínu Eiríksdóttur  
Alfred Felder  
Jónas Tómasson  
Eugène Ysaÿe  
Fritz Kreisler  
Niccolò Paganini  
Johann Sebastian Bach



Fyrstu tónleikarnir verða í Skútustaðakirkju næsta sunnudag, 7. október kl. 15:30

Síðan:

4. nóvember 2012 í Þorgeirskirkju  
3. febrúar 2013 í Húsavíkirkirkju  
3. mars 2013 í Reykjahlíðarkirkju  
7. apríl 2013 í Einarsstaðakirkju  
5. maí 2013 í Skútustaðakirkju  
Sjá efnisskrá sérhverra tónleika á  
[www.HlifSigurjons.is](http://www.HlifSigurjons.is)

Ókeypis aðgangur



## HJÓNABALL

Hið heimsfræga hjónaball í Reykjadal verður laugardagskvöldið 10. nóvember. Nánar auglýst síðar.

Nefndin

39.tbl.  
4. október  
2012  
19. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s:4643366/gsm:8953386



# CAR-X

Tjónaskoðun allra ökutæka -  
Bíla - fjórhjóla og vélsleðaviðgerðir -

Þjóðum upp á tjónaskoðun eftir innsendum myndum til að spara skjólstæðingum okkar óþarfa ferðalög -

Gerum við tjón á öllum tegundum ökutækja -  
Úvegum bílaleigubíl á meðan viðgerð stendur -

Frumsamband á milli í Þessum á Norðurlandi

Gerum við vélsleða og fjórhjól -  
Úvegum varahluti -  
Seljum ný og notuð tæki -



- Þjónusta í þína þágu -

Frsm í Njarðameið 8, 603 Akureyri // 54624200 -// [www.car-x.is](http://www.car-x.is) // [car-x@car-x.is](mailto:car-x@car-x.is)